2. gr.

*Afgreiðslu- og þjónustugjöld.*

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

| | kr. |
|---|---|
| Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar | 10.000 |
| Hver endurskoðun aðaluppdrátta | 6.000 |
| Endurnýjun leyfis án breytinga | 4.000 |
| Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt | 10.000 |
| Vottorð vegna vínveitingaleyfa | 10.000 |
| Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun | 4.000 |
| Framkvæmdaleyfi | 10.000 |

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

*Breytingar á fjárhæð gjalda.*

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingavísitölu í janúar 2001 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

Byggingarvísitala í janúar 2001 er 245,1 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 3. apríl 2001.

*Akureyri, 26. apríl 2001.*

F.h. bæjarstjórans á Akureyri,

**Hákon Stefánsson** bæjarlögmaður.

26. apríl 2001 Nr. 337

# GJALDSKRÁ

**fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi árið 2001 í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppi, Kolbeinsstaðahreppi, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit.**

1. gr.

| | *kr.* |
|---|---|
| Framkvæmdarleyfisgjald | 3.800 |
| Byggingaleyfisgjald, umfjöllun | 3.800 |
| Byggingaleyfisgjald fyrir rúmmetra húss | 38 |
| Stöðuleyfisgjald | 4.600 |

2. gr.

| | |
|---|---|
| Úttektargjöld, hver úttekt | 4.100 |

3. gr.

| | kr. |
|---|---|
| Mæling lóðar | 24.000 |
| Mæling fyrir húsi á lóð | 24.000 |
| Mæling fyrir húsi í sveit | 12.000 |

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af stjórn Samlags um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis og staðfest af viðkomandi sveitarstjórnum samkvæmt lögum nr. 170/2000 17. gr. sem er breyting á 53. gr. laga nr. 73/1997. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

*Hrossholti, 26. apríl 2001.*

**Ólafur K. Guðmundsson,** skipulags- og byggingarfulltrúi
Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis.

Nr. 338 24. apríl 2001

# AUGLÝSING

## um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988 - 2008, Löngulág.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988 - 2008 frá 2. júlí 1990.

Breytingin felst í stækkun á reit umhverfis vatnstankinn í Löngulág þannig að opið svæði til sérstakra nota verður skilgreint sem svæði opinberra stofnana/félagsheimili/verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. apríl 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

Nr. 339 24. apríl 2001

# AUGLÝSING

## um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004, stækkun Stórubryggju, Eyrarsveit.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004 frá 22. febrúar 1985.

Breytingin varðar lengingu Stórubryggju um 100 metra, breidd lengingar er 40 metrar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyrarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. apríl 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*